

UMHVERFISSTEFNA FASTEIGNAFÉLAGSINS ÞÓRKÖTLU EHF.

1. gr. Almennt.

- 1.1 Fasteignafélagið Þórkatla ehf. („**félagið**“) starfar á grundvelli laga nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík („**lög um húsnæðiskaup í Grindavík**“ eða „**lögin**“) og laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.
- 1.2 Tilgangur félagsins er að annast kaup, umsýslu og ráðstöfun íbúðarhúsnæðis innan þéttbýlisins í Grindavík, sem keyptar verða í samræmi við lög um húsnæðiskaup í Grindavík. Féluginu er í því skyni heimilt að kaupa, selja og leigja eignir ásamt því að undirgangast lán í samræmi við tilgang þess.
- 1.3 Stjórн félagsins hefur sett sér þessa umhverfisstefnu í samræmi við ákvæði gr. 5.3 í eigendastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins frá september 2021.
- 1.4 Umhverfisstefnan tekur til allrar starfsemi félagsins.

2. gr. Markmið

- 2.1 Félagið hefur umhverfissjónarmið að leiðarljósi í allri starfsemi félagsins og stuðlar að því að þau séu höfð til hliðsjónar í daglegum rekstri, svo sem við innkaup, vinnumuhverfi og starfshætti að öðru leyti.
- 2.2 Hjá féluginu skal unnið markvisst að því að fylgja öllum lögum og reglum er varða umhverfisþætti starfseminnar.

3. gr. Aðföng

- 3.1 Við val á aðföngum skal eins og kostur er velja umhverfismerkar vöru og taka tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Í þeim tilvikum þegar aðföng eru sambærileg skal leitast við að velja þann kost sem telst síst skaðlegur umhverfinu.
- 3.2 Draga skal úr notkun einnota aðfanga eftir því sem kostur er.

4. gr. Rekstur og viðhald

- 4.1 Félagið skal leitast við að velja vistvæna kosti við rekstur og viðhald bygginga og lóða í eigu félagsins.
- 4.2 Í starfsemi félagsins skal leitast við að beita hverju sinni þeirri tækni sem hefur minnst áhrif á umhverfið, að teknu tilliti hagkvæmni.
- 4.3 Við alla vinnu, framkvæmdir og frágang eftir þær skal gæta þess að umhverfisáhrif verði lágmörkuð.

5. gr. Nýting orkuauðlinda

- 5.1 Í starfsemi sinni skal félagið sporna gegn óþarfri notkun orkuauðlinda, t.d. láta vatn ekki renna að óþörfu og slökkva á ljósum þegar ekki er nauðsynlegt að hafa kveikt.

6. gr. Notkun efna og meðferð úrgangs

- 6.1 Fara skal sparlega með efni og efnavörur, t.d. við ræstingar og viðhald.
- 6.2 Starfsfólk félagsins skal hvatt til að draga úr óþarfri pappírsnotkun. Leitast skal við að endurnýta pappír þegar unnt er.
- 6.3 Öllum spilliefnum skal fargað á viðeigandi hátt, s.s. rafhlöðum, prenthylkjum og málningarávörum.
- 6.4 Öllum öðrum úrgangi skal fargað á viðeigandi hátt. Félagið skal leitast við að endurnota og endurvinna úrgang sem til fellur eins og kostur er.

7. gr. Samgöngur


- 7.1 Þegar ferðast er á vegum félagsins skal leitast við að velja umhverfisvænar samgönguleiðir.
- 7.2 Við kaup á farartækjum skal velja sparneytin og vistvæn ökutæki.
- 7.3 Leitast skal við að halda fjarfundi þegar það á við.


8. gr. Gildistaka

- 8.1 Stefna þessi skal kynnt starfsfólk og birt á vefsþæði félagsins.
- 8.2 Stefna þessi öðlast gildi við samþykki stjórnar.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi félagsins þann 21. ágúst 2024.

Í stjórn Fasteignafélagsins Þórkötlu ehf.


Óskar Jósefsson, stjórnarformaður


Guðrún Þorleifsdóttir, meðstjórnandi


Hermann Hermannsson, meðstjórnandi